

UMRÆÐAN

Segjum nei við kjarnorkuvopnum á norðurheimskautssvæðinu

Daisaku Ikeda skrifar um kjarnorkuvopnalaus svæði

„Norðurheimskautssvæðið er loftvog fyrir umhverfiseheilbrigði jarðarinnar og þar má taka púlsinn á heiminum. Inúitar sem lifa norðar en aðrar þjóðir eru kanarífuglenn í kolanámu jarðarinnar.“

Pessi orð mælti fulltrúi innfæddra í ræðu sem hann hélt hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem hann lagði áherslu á að þjóðir sem búa við norðurheimskautið hefðu vitað í áratugi af eigin reynslu og þekkingu, það sem nú er staðfest af vísindamönnum: Að heimurinn okkar hlýnar á ógnvænlegum hraða, svo búast má við að mannkynið muni standa frammi fyrir nýjum breytingum og ógnum.

Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (IPCC) gaf út fjórðu matskýrslu sína í fyrra. Samkvæmt skýrslunni hefur magn koltvísýrings, sem losað er út í andrúmsloftið, aukist gríðarlega á síðustu árum. Fari fram sem horfir, getur hugsast að meðalhitastig jarðarinnar muni hafa hækkað um 6,4°C við lok 21. aldar. Auk annarra breytinga er varað við hugsanlegri bráðnun heimskautsins í skýrslunni og enn meiri öfgum í veðurfari.

Ógnin af hækkan sjávarborðs vegna bráðunar heimskauts-hellnanna er vel þekkt en sá möguleiki að ísinn í Norður-Íshafi bráðni á sumrin er varhugaverður af öðrum ástæðum.

Lengi vel hefur þykkt ísbreiðan á norðurheimskautinu komið í veg fyrir siglingar kaupskipa og nýtingu auðlinda á sjávarbotni. Ef ísbreiðan á norðurheimskautinu hopar eða hverfur yfir sumarmánuðina gæti það orðið til þess að þjóðir heimsins fari að bitast á um auðlindir svæðisins. Það gæti leitt til aukins pólitísks þrýstings en auk þess haft hræðilegar afleiðingar fyrir hið einstaka og viðkvæma



Daisaku Ikeda

vistkerfi á svæðinu. Í kalda stríðinu var Norður-Íshafið mikilvæg siglingaleið kjarnorkudrifinna kafbáta Austur- og Vesturblokkanna sem ferðuðust undir ísbreiðunni með ógnvænleg sprengjuflugkeyti innanborðs. Ef nýtt tímabil hernaðarbróts hæfist á svæðinu myndi það auka enn frekar hin

alvarlegu áhrif hnattrænnar hlýunar. Við verðum nú þegar að láta til skarar skrifa og beita öllum ráðum til þess að koma í veg fyrir slíkt.

Eyðing kjarnorkuvopna á norðurheimskautssvæðinu verður að vera fyrsta skrefið. Síðastliðið sumar kom kanadíski Pugwash-hópurinn með þá tillögu að landsvæðið norðan norðurheimskautsbagsins yrði kjarnorkuvopnalaus svæði og þar með yrði öll umferð, prófun eða notkun slíkra vopna bönnuð á svæðinu. Meðlimir alþjóðasamtaka Soka Gakkai (SGI) hafa unnið sleitulaust að því að losa heiminn undan ógninni sem stafar af kjarnorkuvopnum. Tillagan sem kanadíski Pugwash-hópurinn setti fram er í fullkomnu samræmi við stefnu SGI og því langar mig að lýsa yfir stuðningi okkar við þessa mikilvægu tillögu.

Suðurheimskautssamningurinn frá árinu 1959 lagði bann við að suðurheimskautið yrði notað í hernaðarlegu skyni. Hann bannaði kjarnorkusprengingar og losun geislavirks úrgangs sunnan 60° breiddargráðu. Það gerði suðurheimskautið að fyrsta svæðinu í heiminum sem var yfirlýst kjarnorkuvopnalaus svæði. Í kjölfar þess voru stofnuð svipuð svæði í Suður-Ameríku, Karíbahafinu, Suður-Kýrrahafi, Suðaustur-Asíu, Afríku og Mið-Asíu og einnig Mongólíu.

Landssvæðin á suðurhveli jarðar eru að mestu leyti vernduð af samþykktum um kjarnorkuvopnalaus svæði. Þær samþykktir hafa einnig öðlast kjölfestu í Asíu. Slíkar samþykktir hamla útbreiðslu kjarn-

» Fjallar um tillögu Pugwash-hópsins að gera norðurheimskautssvæðið að kjarnorkuvopnalaus svæði og mikilvægi þess í tengslum við hlýnun jarðar.

orkuvopna og hvetja til afnáms þeirra.

Með samþykktum um kjarnorkuvopnalaus svæði hafa yfir 100 lönd og rúmur helmingur ríkisstjórna heimsins sett fram þá skoðun sína að kjarnorkuvopn skuli bönnuð samkvæmt alþjóðasamþykktum.

Með því að koma umræðunni af stað og stofna kjarnorkuvopnalaus svæði á norðurheimskautinu og víðar getur komist skriður á það ferli að almennt verði talið eðlilegt að kjarnorkuvopn verði gerð ólögleg. Á endanum yrði gerð alþjóðleg samþykkt um allsherjargarðar.

Með því að gera suðurheimskautið að kjarnorkuvopnalaus svæði hefur ekki einungis verið komið í veg fyrir hernaðaryfirráð yfir Suðurkautslandinu, heldur hefur það einnig orðið til þess að koma á alþjóðlegu samstarfi á sviði vísindarannsókna. Það er von mín að yfirlýsing um norðurheimskautið sem kjarnorkuvopnalaus svæði verði mikilvægt skref í því ferli að viðurkenna þetta einstaka vistkerfi, menningarperlu og þjóðflokkan á svæðinu sem sameiginlega menningararfleifð mannkynsins og veita þeim verðskuldaða vernd og virðingu. Sameinuðu þjóðirnar ættu að vera drífjöður í því að gerð verði slík samþykkt um almenningur og hin ýmsu félagasamtök gegna einnig mjög mikilvægu hlutverki í því samhengi.

Höfundur er forseti SGI, stofnandi Soka-háskólanna og Todastofnunarinnar um friðarránsóknir og handhafi friðarverðlauna SP.

Fasteignagjöld eldri bæjarbúa í Garðabæ

Erling Ásgeirsson skrifar um fasteignaskatta í Garðabæ

TILEFNI þessa greinarkorns er að vekja athygli á góðri grein Ragnheiðar Elínar Arnadóttur alþingismanns er birtist í Viðskiptablaðinu 24. júlí sl. undir yfirskriftinni „Af hverju má Garðabær ekki lækka skatta?“

Eins og fram kemur í greininni þá var það eitt af stefnumálum Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ að fella niður fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði 70 ára og eldri Garðabæinga í áföngum á kjörtímabilinu. Þegar málið kom síðan til umfjöllunar í bæjarstjórn Garðabæjar

áð floknum kosningum þá var um það þverpólitísk samstaða, málið var afgreitt einróma og hrint í framkvæmd. Það kom því sem blaut tuska framan í þá sem um málið fjölluðu, ekki síst eldri borgara, þegar einn úr þeirra hópi kærði málið til ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Skemmst er frá því að segja að samgönguráðuneytið feldi úrskurð sinn í maí sl. og gerði Garðabæ að falla frá áformum um frekari afslætti til 70 ára og eldri. Það skal áttætt að viðkomandi afsláttur átti að koma til viðbótar tekjutengdum afslætti til tekjulágra ellilífeyrisþega.

Að sjálfsögðu gerði bæjarstjórn sér grein fyrir að e.t.v. gæti verið ágreiningur um túlkun á 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4 frá 1995 en það er ekki einsýnt með þá túlkun. Einnig er kveðið á



Erling Ásgeirsson

» Eitt það fyrsta sem þá kemur til umræðu er að gera þurfi eldri fólkinu kleift að búa sem lengst heima í íbúðum eða húsum sínum.

húsnæði 70 ára og eldri íbúa óháð tekjum og efnahag. Gera þeim sem þess óska þannig kleift að búa lengur í húsnæði sínu og auka þannig lífsgæði og ánægju þessa hóps. Svo er það allt önnur umræða þessu tengd að fasteignagjöldin eru síðustu leifar eignaskattsins sem ríkisstjórnin lagði af fyrir nokkrum árum góðu heilli. Það er skoðun undirritaðs að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði ætti að leggjast af fyrir fullt og allt með sömu rökum og eignarskatturinn á sinni tíð.

Ég fagna frumkvæði Ragnheiðar Elínar Arnadóttur alþingismanns og vona að henni verði vel ágengt í þessu mikla hagsmunamáli eldri borgara.

Höfundur er bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs í Garðabæ.

Bakslag í markaðshyggju

Matthías Eggertsson skrifar um markaðshyggju

STAKSTEINAR Morgunblaðsins 28. júlí sl. fjölluðu um að bakslag hefði komið í þróun hins frjálsa hagkerfis í heiminum og að opinber rekstur hefði sótt í sig veðrið, einnig á Íslandi.

Langt fram eftir síðustu öld tókust á sósíölsk hagkerfi, þar sem Sovétríkin voru mest áberandi, og kapitalísk hagkerfi, með Bandaríkin sem fánabera. Hugmyndastríði þeirra lauk með hruni hins sósíalska hagkerfis.

Við tók blómaskeið markaðshyggjunnar, þar sem Margaret Thatcher og Ronald Reagan voru mestu áhrifavaldarnir. Fljótlega komu þó brestir í þá glansmynd. Lögmál fjármagnsins lokuðu augunum fyrir mikilvægum þáttum mannlégs samfélags. Aðferðir frjálslyggjunnar við að auka hagnað sinn bitnuðu á þeim sem minna máttu sín þannig að síðferðisvitund alþjóðasamfélagsins var misboðið. Þá er umgengni fyrirtækja um auðlindir með köflum óviðunandi, svo sem við skógarhögg í regnskógum í



Matthías Eggertsson

» Hvað varð um mannúð og mannvit þeirra Matthíasar og Styrmis?

Suðaustur-Asíu og Suður-Ameríku eða við vinnslu súrals, ofveiði á fiski o.fl.

Annað hnattrænt vandamál er hlýnun lofthjúps jarðar. Það er umfangsmeira en svo aðferðir markaðshyggjunnar ráði við það. Það er hins vegar á dagskrá þungaviktarráðstefna alþjóðasamfélagsins. Skemmst er þar að minnst Sameinuðu þjóðanna um matvælaöryggi, veðurfarsbreytingar og líf-orkugjafa sem haldin var í Rómaborg snemma í júní sl. Hana sóttu fulltrúar 180 ríkja.

Menn horfast nú í augu við það að háværkun á efnalegum hagnaði er ekki það sem mannlíf á jörðinni snýst um, heldur það að lífsskiyrði á jörðinni verði varðveitt þó að það kosti markaðshyggjuna nokkurt bakslag. Eftir að hafa verið tryggur lesandi Morgunblaðsins um áratuga skeið sit ég nú og spyr mig: Hvað varð um mannúð og mannvit þeirra Matthíasar og Styrmis?

Höfundur er fyrrv. ritstjóri Búnaðarblaðsins Freys.

Lýðheilsustarf á villigötum?

Guðmundur Björnsson skrifar um lýðheilsustarf

MEÐ lögum um Lýðheilsustöð frá árinu 2003 var starfsemi nokkurra „ráða“ sameinuð, og var ætíllinn löggjafans að efla lýðheilsu. Með eflingu lýðheilsu var átt við aðgerðir til að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða



Guðmundur Björnsson

tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum. Með lögnum voru sameinuð í einni stofnun áfengis- og vímuvarnir, manneldi, slysavarnir, tóbaksvarnir og önnur forvarna- og heilsuefningarkerfni á vegum ríkisins. Þannig voru m.a. þáverandi áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð sameinað í eina ríkisstofnun. Margir voru til þess að gagnrýna fyrirhugað fyrirkomulag, sérstaklega heilbrigðisstarfsmenn. Stöðu vonir manna til þess að með nýju fyrirkomulagi yrði lýðheilsustarfsemi samþæfðari og öflugari og fjármagn var tryggt til rekstursins. Reynslan af rekstri Lýðheilsustöðvar hefur að mínu mati ekki verið góð. Í stað fyrirhugaðrar samþæfðar og öflugrar stofnunar

er nú komið þögult bákn.

Ég tel að það hafi verið mistök að koma á þessari stofnun. Krafturinn sem var í þeim „grasrótahreyfingum“ sem sameinuðust er horfinn. Starfsemin hefur einkennst af máttlausum dýrum úr-ræðum og þunglamaleg yfirlýsing og skrifræði hafa tekið við. Það er að mínu mati mun

happadrýgra fyrirkomulag að láta grasrótina njóta sín og leyfa áhugafélögum og fyrirtækjum að takast á við verkefni. Talandi dæmi um þetta er t.d. Forvarnarhús Sjónvá sem tekið hefur forystuna í slysavörnum á Íslandi, Krabbameinsfélagið, og samtökin Heimili og skóli. Þar iðar allt af krafti frumkvæði og framkvæmdaglegi. Þá er það stór galli á starfsemi Lýðheilsustöðvar að læknisfræðileg ráðgjöf hefur verið of takmörkuð, en heilsuvernd og heilsuefning snýst um læknisfræði þegar öllu er á botninn hvolft. Það er mín skoðun að leggja eigi Lýðheilsustöð niður í núverandi mynd. Í staðinn má t.d. skipa sérstakan fulltrúa, jafnvel „umboðsmann heilsunnar“, við embætti Landlæknis sem veitt gæti ráðgjöf og samþæft starf hinna

» Reynslan af rekstri Lýðheilsustöðvar hefur að mínu mati ekki verið góð. Í stað fyrirhugaðrar samþæfðar og öflugrar stofnunar er nú komið þögult bákn.

ýmsu aðila. Það yrði þá raunveruleg „lárétt nálgun“ Lýðheilsustarfs. Hjá Lýðheilsustöð starfar nú mikið af hæfileikaríku fólki sem er vel fallið til forystu í hinum ýmsu verk-efnum. Með þessu fyrirkomulagi myndu að mínu mati fjármunir nýttast mun betur og lýðheilsustarf í landinu verða virkara, öflugra, ódýrara fyrir þjóðina en jafnframt meira hvetjandi fyrir þá sem leggja vilja þessu starfi lið. Það vakir alls ekki fyrir mér að bregða fæti fyrir það starf sem unnið er heldur vil ég benda á að þessum málaflokki er að mínu mati betur fyrir komið í höndum öflugra félagasamtaka og fyrirtækja.

Höfundur er endurhæfingarlæknir með meistaraáráðu í viðskiptum og stjórnun og starfar sem læknisfræðilegur ráðgjafi fyrir atvinnulíf.